

Svar

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Kristjáni L. Möller um gistirými.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg hótél og gistiheimili eru á landinu og hver er fjöldi gistirýma þeirra?*
 2. *Hversu mörg hótél og gistiheimili eru í byggingu eða áformuð? Hvað bætast mörg ný hótélherbergi eða gistirými við með tilkomu þeirra?*
- Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og kjördæmum.*

Fjöldi hótela og gistirýma á árinu 2013.*

	Júlí	Desember
Hótél	96	86
Gistirými (rúm)	11.758	10.593
Gistiheimili	127	95
Gistirými (rúm)	5.451	3.946

* Framboð hótela og gistirýma er breytilegt eftir árstíma og því eru hér sett upp tvö tímabil.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Ráðuneytið hefur ekki nákvæmar upplýsingar um hversu mörg hótél og gistiheimili eru í byggingu. Leitað var eftir upplýsingum hjá Þjóðskrá, Hagstofu Íslands, Mannvirkjastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Engar upplýsingar liggja fyrir hjá þessum stofnunum um fjölda áformaðra bygginga hótela og gistiheimila.

Á síðustu mánuðum hafa fjölmiðlar fjallað um sex fyrirhugaðar hótélbyggingar (nýbyggingar eða viðbætur) í Reykjavík og fimm hótél á landsbyggðinni. Samkvæmt upplýsingum sem Samtök ferðaþjónustunnar hafa tekið saman er áformað að rúmlega 1.100 ný hótélherbergi komi í notkun í Reykjavík árin 2015–2016 en utan Reykjavíkur sé um að ræða tæplega 400 ný herbergi sem áformað er að taka í notkun frá 2014 eða eftir þann tíma. Þessar upplýsingar geta gefið einhverja vísbendingu um hversu mörg hótél eru í byggingu eða áformuð en það ber að taka með öllum fyrirvörum enda er eins og áður segir ekki haldið utan um umbeðnar upplýsingar með formlegum hætti.

